

Flóð í Kolgrímu í október 2002

Snorri Zóphóniasson

Greinargerð SZ-2002-02

Flóð í Kolgrímu í október 2002

Dagana 10. til 11. október síðastliðinn varð mikið regnflóð í ám á Suðaustur og Austurlandi. Rennsli í Kolgrímu virðist hafa orðið meira en dæmi eru til áður. Það sem styður þá skoðun er:

- 1) Flóðför við fastmerki Vatnamælinga eru miklu hærri en áður hafa verið skráð, þar á meðal við vhm 75 sem var rekinn sem síriti um 29 ára skeið.
- 2) Framlenging rennslislykla gefur jafnvel 3000 m³/sek. Taka ber það með miklum fyrirvara. Mesta rennsli í hlaupi var áður þekkt 1100 m³/sek
- 3) Frágangur við síritastokk sem aldrei hafði haggast rótaðist upp og stokkurinn féll fram.
- 4) Vatn hljóp út úr farveginum til vesturs yfir tún og eftir vegaslóðum sem heimamenn segja að hafi aldrei gerst. Nýleg brú hefur hugsanlega áhrif á vatnshæð ofan vegar en gamla brúin hefði enn frekar stuðlað að því að vatn færi hátt upp á túnið við bæinn.

Í samtölum við heimamenn kom fram að hægt er að fá útmörk fyrri flóða teiknuð inn á loftmynd. Heimamaður tók mynd af flóðinu á myndbandstökuvél.

Oddur Sigursson jarðfræðingur sem fylgist með og tekur saman skrár um hlaup undan jöklum, telur ekki að um hlaup sé að ræða vegna þess að lóni í Vatnsdal var alveg tómt þegar vatnavextirnir byrjuðu.

Greinargerð þessi er unnin fyrir Vegagerðina.

Með kveðju




Snorri Zóphóníasson

Flóð í Kolgrímu 10. til 11. október 2002.




Leifar af brunnstokki, kvarðinn hefur ekki hreyfst. Efri endi kvarða hefur álestur 250 cm.



Flóðfar ál. 600 cm

VHM 75 eða leifar af honum. Fyrri þekkt hámark var ál 301cm sem gaf u.þ.b. 1000 m³/s samkvæmt lykli. Þá var gamla brúin innan við 10 m fyrir ofan siritann.



Fastmerki á rennslismælistað. Áður var þekktur álestur $-49,4$ við rennsli $211\text{m}^3/\text{s}$.



Þrengsli ofan við kláf. Gróðurleifar í girðingunni.



Farvegurinn neðan mælis. Neðri myndin er framhald af hægri hlið efri myndarinnar.





Myndin er tekin um 50 m vestan við brúna á hjóðveginum.